# *Nr. 17 014 S 008 Bjarnarnes ÍS 75*

## *Vélavana og dregið til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 7643
*Útgerð:* Ferðahúsið ehf
*Smíðaður:* Bátasmiðja Guðmundar, 2007, Trefjaplast
*Stærð:* 8,91 bt.
*Mesta lengd:* 9,97 m *Skráð lengd:* 9,94 m
*Breidd:* 2,91 m *Dýpt:* 2,11 m
*Vél:* Volvo Penta, 257,6 kW, árg.: 2007
*Fjöldi skipverja:* 1


Bjarnarnes@Guðmundur Einarsson

***Gögn:***
*Gögn RNSA*

*Málið afgreitt á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 13. febrúar 2017 var Bjarnarnes ÍS 75 á siglingu inn á Jökulfjörðum. Veður: V 1,5 m/s.

Á siglingu inn á Veiðileysufirði varð báturinn vélarvana og var óskað eftir aðstoð hjá Vaktstöð siglinga. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson dró bátinn til hafnar á Ísafirði.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að hitaþolinn þéttihringur á vatnskældri pústgrein fór að leka en við það yfirhitnaði vélin þegar kælivatnið fór af henni.

### *Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.